6. Fyrstu endurminningarnar.

5 blöð qto.

Fyrstu endurminningarnar. (í við og dreif)

Nýlega farinn að ganga með rúmstokknum og þá á 2. ári, bar svo við að Vigfús Ásbjörnsson á Efraseli kom að Syðraseli, nokkuð kenndur og var hann þá jafnan vanur að hrópa svo hátt og upp úr eins manns hljóði, eftir því sem barnið lá rúmi til: Ohh! Ohh! – Ég var að staulast með rúmstokknum og nýlega búinn að ná haldi á pilsfaldi langömmu minnar, Kristínar Pálsdóttur, er nefnd var Stutta-Kristín, vegna þess, að hún var eigi nema rúmlega ein alin á hæð, en kona þessi var „augasteinn" minn og ég elskaði að henni en nokkrum öðrum. Rennir þá Vigfús, grípur utanum Kristínu, kallar hátt og segir „Ohh! – Nú ætla ég að taka hana Stínu!" Varð ég þá svo hræddur, að mér var ekki hugað líf alla nóttina og því er ég ávalt síðan minnugur mjög, hve illt hræðsla kemur að mér að óvörum. — Munum eftir að varast, að láta börnum bregða þannig við: Það getur haft ósegjanleg og ill áhrif á líf þeirra allt.

Ég var rúmlega tvævetur, þegar þessi ágætiskona andaðist 14. marz 1870 og hefði ég verið óhuggandi af sorg og söknuði, er ég sá lík hennar flutt að heiman til greftrunar. Hún var „smámenni" að vexti, en áreiðanlega mikilmenni að mannkostum, gædd-um hugsunum og kærleika til okkar barnanna, en þó sérstaklega til mín, eða svo fannst mér a. m. k. sjálfum. Hjá henni og ömmu minni lærði ég flestar bænir mínar og vers. Konum þessum og því sem þær kenndu mér, gleymi ég aldrei!

Þá man ég vel 1. maí 1870, er Guðm. Guðmundsson (Gamli Gvendur) kom að kveðja foreldra mína, áður en hann fór til Ameríku; þau voru bræðrabörn, móðir mín og hann Guðm. dó 1934, 95 ára að aldri.

Fyrsti minnisverði atburðurinn var 2. ágúst 1874; daginn áður varð ég 9 ára. Þetta var þjóðhátíðarárið mikla, er 1000 ár voru liðin frá stofnun Alþingis á Þingvelli 874.

Dag þennan var hvassviðri mikið af norðri, einkum síðari hluta dagsins, sólbjartur himinn og brakandi þurrkur. Fjöldi ungra manna, eldri og yngri hafði ráðgert að ríða á Þingvöll, a. m. k. til þess að sjá hinn ástsæla konung, Kristján níunda, mátti margur þó meira að stunda heyskapinn og fóru því aðeins fáir menn á Þingvöll þennan dag; mig minnir, að þeir væri 3 úr neðri hluta sveitarinnar.

Annar ágúst bar uppá sunnudag, eins og kunnugt er, og fóru þór allir þeir, er ad heiman máttu fara, til Kirkju sinnar og var þad Stokkseyrar-Kirkja, er heimili mitt átti Kirkjusóku ad. Þangad var mér lofad ad fara. Sóknarpresturinn, séra Gísli Thorarensen hafdi komid frá Felli í Mýrdal um vorid og tekid þá vid brandinn, sem var eitt hid mannflesta og begta brand landsins, þó þad nádi yfir bædi þorpins, Stokkseyri og Eyrarbakka og til hinna mörgu bæja fyrir austan og ofan Stokkseyri. Kirkjan á Eyrarbakka var vígd 14. des. 1890 og Stokkseyrar hreppi (hinum forna) var skift 1897 í töö hreppsfélog, er töldu nálægt 800 sálir hvort.

Séra Gísla Thorarensen naut eigi lengi vid í hinn nýja presta kalli sínu, þó hann vard bródkvaddur á sama ári, á jóladag inn 24. des. 1874, þá er hann var á leid sinni ad ganga út í Kirkjuna til messu. Hann var talinn ágætur rædumadur og söngmadur hinn begti, eins og bródir hans, séra Stefán Thorarensen á Kálfatjörn, og skáldmæltir voru þeir bádir, miklir vexti og tígulegir ásýndum, enda líkir mjög um margt, en meiri gledimadur mun þó séra Gísli verid hafa en bródir hans.

Rædutexti prestsins, séra Gísla, mun hafa verid hinn sami sem annara presta þennan hátídisdag og verid fyrirskipadur í minningu Sjódhátídarinnar, byrjun og endi 90. sálms Davíds og man ég vitanlega ekkert úr þeirri rædu, sem presturinn flutti, annad en þad, ad mér þótti dagurinn hjá Drotni ædilangur og ærid misjafn, þar sem hann var annad veifid þúsund ár, en þó eigi lengri en nætur vaka. Ad vísu var mér kunnugt um þad, ad nætur vakan var stundum nokkud löng, en ad hún ~~vari~~ þúsund ár, faust mér tæplega geta verid. Þetta skildi ég ekki þá, hversu mjög sem ég reyndi ad brjóta heilann um þad og fór þór rædan ad mestu fyrir ofan gard og nedan hjá mér.

En söngurinn! Þar var ödru máli ad gegna, þvi hann faust mér bædi mikill og gódur, enda höfdu verid valdir söngmenn þann dag sérstaklega og man ég einkum eftir þessum: Bjarna brödur mínum, Gísla módurbrödur mínum, sem fram ad þessu hafdi verid forsöngvari vid Stokkseyrarkirkju, en Bjarni mi ad taka vid af honum, þá Jóni födurbrödur mínum í Óseyrarnesi og brædrunum þadan, Jóni og Indmundi Þorkelssonum, er allir voru athvæda söngmenn, en mest hrifinn vard ég af söng Kammerrádsins, Þórdar gamla Gudmundsen frá Litla hrauni, afa Árna professors Pálssonar, en hann söng svo djúpan og mjúkan bassa, ad mér faust kirkjugólfid titra undir fótum mér. Sídar, er ég kyntist sonum hans, Þórdi lækni, Oddgeiri presti í Vestmannegjum og Sigurdi sýslumanni frá Arnarholti, undradi mig þad ekki, ad þeir höfdu óvenju lega djúpa og fagra bassarödd og þá eigi sídur, sonarsonur Kammerádsins, Indmundur Oddgeirsson (d. í Buenos Aires, 5. nóv. 1920).

Þad var í fyrsta skifti þennan dag, ad ég heyrdi tvö lög, sem ég hefi ávalt haft mætur á sídan, „Lofid vom drottinn, hinn líksama födur á hædum" og Ár og síd ég er í voda", hid fyrra eftir Joh. Neander frá 1680 en hid sídara eftir A. P. Berggreen.

Ad ödru leyti man ég fátt frá þessari hátíd né ödrum vidburdum frá þvi ári og eigi fyrri en farid var ad hugsa um ad kaupa orgel í Stokkseyrarkirkju einn ári sídar eda tveim. En nokkrum ádur hafdi verid keypt orgel í Arnarbæliskirkju og fór brótt mikid ord af þvi, hversu áhrifamikill og hátídlegur söngurinn væri þar, sídan þad kom og til komu mikid þad væri, ad hlýda þar messu hjá séra Jens Pálssyni, er sídan var á Útskálum og í Gördum í Álftanesi og heyra konu hans, Gudrúnu, dóttur Gudjohnsen Dómkirkjuorganista, leika á þessa nýja orgel vid messugjördirnar í Arnarbæli.

Þad hefir verid á þessum árum – ég man ekki hvada ár þad var – og seminlega 1873 eda 1874, ad ég var ad rísla mér, einn míns lids á tím flötinni austan vid bæinn, þar sem kýrnar vorn á beit frá bádum bæjunum, ad kroppa hána, og medal þeirra bola kálfur einn, er Vernhardur á Efra Seli átti (Veddi gamli) og veit ég eigi fyrri til en kálfurinn rýkur aftan ad mér og skellir mér kylliflötum nidur á tímid; ég reyndi ad standa upp, og hann velti mér á undan sér heim ad heyhlödunni, en þad var 7–8 fadma löng leid. Þegar ad hlödu-veggnum kom, sem hladinn var úr torfi og grjóti, reyndi ég ad klifra upp eftir veggnum, en huddi hélt áfram ad hundla mér upp vid grjótid. Eg hafdi verid ad ösla á stargresis og fergins flödi vestan vid bæinn og „leika mér" ad þér ad ýta slegnu heyinn á land; ég var þér allsnakinn nedan frá hujám og upp ad mitti og á þunnri léreftsskyrtu ad ofanverdu, med næstum bera handleggi, o. m. k. upp ad olnbogum. Þad var þér tilfinnanlega sárt og svídandi, ad láta kálfskömmina, sem var allstór vetrungur, hamast vid ad hundla mér upp vid grjótid. Þetta var ad austanverdu vid heyhlödunna, sterk vestanbræla var á, og hvernig sem ég emjadi og öskradi, heyrdi engum til mín, þér allir adrir en þeir, er vorn á bænum inni, vorn enn vestur á flödinn ad ná heyinn upp.

Loks kom Sínius sála bróðir minn frá smalamennsku og ofan af mýri. Hann heyrdi til mín og reid allt hvad af tók heim ad bæ og nádi bolanum frá mér. Var ég þá svo mæddur og af mér dregid, ad ég gat mig hvergi hreyft, enda ordinn svo hræddur, ad ég var alveg þagnadur og beid danda míns, þ. e. a. s. ég þóttist vissum ad bolinn gengi af mér dandum. Daginn eftir var bolinn dreþinn, og harmadi ég þad lík. Eg lá á rúmar þrjár vikur, sérstaklega af innvortis meiddlum. Síðan hefi ég verid hræddur vid mannýga nautgripi og reida menn, drekkur, jafnvel þóttlódnukkur

hafi verid: Eg var t.d. hræddur vid þá, sem stódu ad banka ofsókunnum gegn mér 1915-1916 – þeir vorn 8 talsins og ófrýnilegir engu síður en mannýg naut –, en „hræddlan" vid þá var adeins sú, ad ég vissi aldrei hvad þeir kynni „ad finna uppá" næst. Þad veit madur heldur aldrei hvad mannýg naut á hræsir. Heimsku þeirra og nautsku hefir jafnan verid vidbrugdid og má óhætt fullyrda, ad þeir sem fyrir ofsókunum þessum stódu og ástodarmenn þeirra, hafi svarid sig í ættina til þvíl ikra grifa; svo var allur sá málarekstur og framkvæmd hans annur og ástædulaus, ad þeir fengu hina verstu útreid og átölur eins hins gagnmerkasta lögfrædings og dómara landsins, Einars prof. Arnórssonar, ad sléks ern namnast dæmi: Ad menn sén heimlínis ávíttir í uppkvadningu dóma og úrskurda, auk þess, sem málsástodur ern rakter lid fyrir lid og dánur byggdur á þeim.

En ég slapp ómeiddur undan þeim og jafnvel betur en undan bola-kálfinum, tuddanum hans Vedda gamla!

Nú mætti segja: Hvad á þetta skylt vid hinar „fyrstu endurminningar" ofi þinnar? Þor sýna, ad „sagan endurtekur sig"? Alla ofi mannsins og jafnvel þar til hann verdur áttrædur ad aldri eda enn eldri, geta ofsóknir heimskingjanna, mannýgra nauta og manna, elt þá frá vöggunni til grafarinnar; tuddarnir ern ávalt til, en til enn einnig meinlaus dýr og menn ágætir og hefi ég meira af þeim ad segja, og má þvi vera ánægdur, – og ég er þad!

Reykjavík, 21. Ses. 1939.

[signature]